



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

1. fundur 2013 (32. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 18.01.2013 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Magnús Stefánsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan

1. Nýr fulltrúi Sandgerðis í skipulagsnefndinni

Lagt var fram bréf innanríkisráðuneytisins, dags. 17.01.2013, þar sem tilkynnt var að Kristinn Halldórsson hefði verið skipaður í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar frá og með 17.01.2013. Skipunin er samkvæmt tilnefningu Sandgerðisbæjar.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – kynning á stöðu vinnunnar

Undir þessum lið mætti á fundinn Stefán Gunnar Thors umhverfishagfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf og kynnti stöðu vinnu við endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Eftirfarandi atriði komu m.a. fram í kynningu og umræðum:

- Flugvallarsvæðið er allt sýnt með einum nýjum lit í samræmi við nýja, væntanlega skipulagreglugerð. Heimilt er þó að nota fleiri liti ef það er talið henta betur, td. til að sýna sérstaklega þróunarsvæði flugþjónustu
- Sýnd var ný lega nýrra flugbrauta. Fram kom að til stæði að skoða legu, stefnu og staðsetningu flugbrauta betur. Í því sambandi var rætt um ríkjandi vindáttir. Í fyrirliggjandi tillögu krossast flugbrautir ekki eins og nú gerir
- Rætt var um nauðsyn aðkomu erlendra sérfræðinga að ákvörðun um legu brauta
- Fram kom ábending um að á sama hátt og gerður er samanburður á umhverfisáhrifum mismunandi brautakerfa þá þyrfti að gera sambærilegt mat á tæknilegum áhrifum mismunandi brautakerfa
- Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu stækkar skipulagssvæðið lítillega á tveimur stöðum. Þyrfti að semja um slíkt við Landhelgisgæsluna og Sandgerðisbæ. Rætt var um í þessu sambandi lítið öryggissvæði austan Reykjanesbrautar
- Rætt var um tímaáætlun vinnunnar
- Fram kom að þemakort myndu marka stefnuna skýrar.



Magnús Stefánsson fór af fundi kl. 10:50 vegna annarra anna.

3. Tengiliður skipulagsnefndarinnar

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir að tilnefndur verði sérstakur tengiliður skipulagsnefndarinnar við stofnunina, sem unnt væri að beina erindum til. Ákveðið var að skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar væri þessi aðili og mun Skipulagsstofnun verða tilkynnt um það.

4. Deiliskipulagsáætlanir í Reykjanesbæ – Helguvík og Ásbrú

Lagðar voru fram til kynningar og ræddar deiliskipulagstillögur í Ásbrú og Helguvík. Ekki höfðu borist sérstök erindi frá Reykjanesbæ varðandi tillögurnar. Um er að ræða tillögu að athafnasvæði Tæknivöllum Ásbrú, dags. í nóvember 2012 og tillögu að breytingu á lóðaskipan o.fl. í Helguvík, dags. í desember 2012.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillögurnar.

Guðlaugur H. Sigurjónsson vék af fundi undir þessum lið.

5. Umsögn um samþykkt byggingaráforma í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Fálkavelli 2 og Fálkavelli 17.

Lögð voru fram erindi skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 09.01.2013, 08.01.2013 og 09.12.2012 varðandi byggingarleyfisumsóknir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, á Fálkavelli 2 og Fálkavelli 17 sem skipulagsnefndinni ber að veita umsögn um sbr. 6. m.gr. gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð. Um er að ræða stækkun tveggja fyrrnefndu húsanna en breytingu á innra skipulagi þess síðast nefnda.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við byggingaráformin.

6. Umsókn um greiðslu kostnaðar vegna skipulagsvinnu

Skipulagsnefnd samþykkti að sækja um til Skipulagssjóðs endurgreiðslu helmings kostnaðar við vinnu við aðalskipulag Keflavíkurflugvallar í samræmi við 3. tl. 18. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. Næstu fundir

Næstu fundir skipulagsnefndarinnar eru fyrirhugaðir 14.02.og 14.03.2013. Reglulegir fundardagar færast af föstudögum yfir á fimmtudaga.

Fleira ekki gert, fundi slitið.